



Dagsetning: 14. desember 2021
Málsnúmer: 2110088/13.0

MINNISBLAÐ

Breytingar á samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð.

Breyting á samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð er til komin vegna reynslu dýraeftirlits Fjarðabyggðar á notkun samþykktarinnar. Skipulag á fyrirkomulagi dýraeftirlits Fjarðabyggðar tók breytingum áramótin 2018/19 þegar allt utanumhald og stýring málaflokksins færðist inn á stjórnsýslusvið Fjarðabyggðar.

Við þessa breytingu kom reynsla á samþykktina sem kallaði eftir þeim breytingum sem lagt hefur verið til. Jafnframt hefur orðræðan um jafnrétti kynjanna kastað ljósi á þá staðreynd að orðalag samþykktarinnar var fremur karlægt. Með teknu tilliti til jafnréttisstefnu Fjarðabyggðar var því breytt í kynjahlutlausara orðalag.

Breytingar

Orðalag samþykktar gert kynhlutlausara, sem dæmi í stað þess að hafa orðið „dýraeftirlitsmenn“ er „dýraeftirlit“ og í stað „eftirlitsmanns“ er „eftirlitsaðili“.

Samþykktin var einnig einfölduð þ.e. teknar voru út endurtekningar úr lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um velferð dýra. Óþarft var að endurtaka það sem þar er talið upp.

Verklag dýraeftirlitsins og Heilbrigðiseftirlits Austurlands var jafnframt gert skýrara þar sem það á við. En það er Heilbrigðisnefnd Austurlands sem fer með málefni dýrahalds en sveitarfélagið fer með framkvæmd samþykktarinnar, í umboði heilbrigðisnefndar.

Fjöldi dýra á heimili hefur hingað til verið takmarkað við tvo hunda og tvo ketti. Sett var inn í samþykktina heimild til þess að sækja um undanþágu, með rökstuðningi þess efnis, til að hafa fleiri dýr af hvorri tegund.

Tekið var út úr samþykktinni krafa um að gæludýraeigendur séu með ábyrgðartryggingu. Jafnframt hefur sveitarfélagið sagt upp ábyrgðartryggingu vegna gæludýrahalds í sveitarfélaginu. Ástæða þessarar breytingar er tilkomin vegna reynslu dýraeftirlitsins af því að sækja í þessa ábyrgðartryggingu en samkvæmt heimildum tryggingarfélags Fjarðabyggðar eru einungis þau dýr sem eru skráð í sveitarfélaginu tryggð valdi þau skaða hjá þriðja aðila. Jafnframt er eiginhætta 120.000 kr. En þau tjón sem tilkynnt hafa verið inn til Fjarðabyggðar eru á bilinu 10.000 - 20.000. Og í tveim af þeim þrem tilfellum sem hafa verið tilkynnt var það dýr sem ekki var á skrá sveitarfélagsins sem olli tjóninu. Ábyrgðartryggingin fyrir árið 2021 var 599.061 kr. Tekið hefur verið tillit til þessara breytinga í gjaldskrá næsta árs.



Flest tryggingarfélög bjóða í dag upp á gæludýratryggingar og verður við skráningu dýrs bent á að viðkomandi skuli skoða slíka tryggingu. Jafnframt verður send út tilkynning til allra skráðra gæludýraeigenda í Fjarðabyggð er varða þessar breytingar þ.e á gjaldskrá og samþykkt.

Ýmsar aðrar smávægilegar breytingar voru gerðar á samþykktinni:

- Sveitarstjórn breytt í bæjarstjórn,
- skráningargjald breytt í leyfisgjald,
- tími til viðbragða vegna handsömunar ómerktra dýra lengdur úr tveim sólahringum í sjö sólahringa og
- eigendur katta eru hvattir til að koma í veg fyrir að þeir séu á næturbrölti í stað þess að það sé skylt að hafa þá innandyra.

Anna Berg Samúelsdóttir
Umhverfisstjóri

